

**Almennur fundur í fjallskiladeild Víðdælinga
haldinn 19. apríl 2010 kl. 21:30 í Víðihlíð.**

1. Sigtryggur Sigurvaldason formaður setti fund og stakk uppá Ólafi Benediktssyni sem fundarstjóra og Júlíusi Guðna Antonssyni sem fundarritara og var það samþykkt.
2. Sigtryggur fór yfir helstu mál sem komið hafa inná borð fjallskilastjórnar og helstu framkvæmdir. Hann kynnti sundurliðun kostnaðar og tekjur deildarinnar fyrir árið 2009. (Sjá síðustu fundargerð stjórnar).
3. Almennar umræður. Til máls tók Þórir Ísólfsson og óskaði nýjum gangnastjóra velfarnaðar og jafnframt þakkaði hann fyrri gangnastjóra ánægjulegar stundir á fyrri árum. Hann ræddi hugmynd sína um að hugsanlega væri ástæða til að gera heimildarmynd um göngur á fyrri árum þar sem ýmislegt er og hefur breyst í framkvæmd gangna. Fyrsta skref væri að gera kostnaðaráætlun. Elín Líndal spurði þá Skúla Þórðarson sveitarstjóra og Sigtrygg Sigurvaldason um fund sem þeir sóttu með Umhverfisstofnun ásamt fleiri aðilum um utanvegaakstur. Skúli svaraði Elínu. Hann sagði vinnu vera í gangi í að kortleggja alla vegslóða á miðhálandi Íslands þannig að skilgreina megí hvað telst akstur á vegslóða og hvað telst utanvegaakstur. Hann ræddi m.a. gerð heimildarmyndar, fjárframlag til styrkvega á Víðidalstunguheiði. Júlíus Guðni ræddi kortlagningu vegslóða og reiðvega á miðhálandi Íslands. Gunnar Þorgeirsson ræddi notkun fjór- og sexhjóla og nauðsyn þess að undanþága sé fyrir hendi til notkunar þeirra í göngum o.fl. Ólafur Benediktsson ræddi notkun hjóla, gerð heimildarmyndar, gangnastjóratal, kynningu á stóðréttum. Gunnar Þorgeirsson ítrekaði að notkun hjóla ætti að einskorðast við vinnu en hann væri ekki að tala um að leyfa utanvegaakstur hjóla í sporti. Ingvar Jóhannsson ræddi notkun hjóla, stóðréttframkvæmd, framkvæmd seinni gangna, notkun réttanna m.a. geymsla hrossa, nauðsyn þess að tilkynna lögreglu um ef hross eru rekin á þjóðvegi 1. Sigtryggur ræddi, gerð heimildarmyndar, fund með Umhverfisstofnun, hann taldi ekki verða vandamál að fá undanþágu fyrir hjól í göngum. Hann ræddi stóðréttir, lokun eða eftirlit með veginum fram á heiði á haustin, framkvæmd gangna o.fl. Skúli Þórðarson sveitarstjóri ræddi undanþágur varðandi notkun hjóla við landbúnaðarstörf, stjórn umferðar og veghald á styrkvegnum, rjúpnaveiði o.fl. Þórir Ísólfsson ræddi stóðréttir, tilhögun gangna og hugsanlega styttingu þeirra. Ólafur Benediktsson ræddi notkun hjóla, hnitsetningu landamerkjja, stóðréttir o.fl. Elín Líndal ræddi undanþágur vegna notkunar hjóla í göngum. Hún ræddi hnitsetningu landamerkjja heiðarlanda sveitarfélagsins og hnitsetningu almennt í landamerkjum. Gunnar Þorgeirsson ræddi, notkun hjóla, girðingu við Jónstein o.fl. Sigtryggur svaraði Gunnari varðandi girðingamál. Skúli Þórðarson talaði um hjóla notkun, stóðréttir o.fl.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Júlíus Guðni Antonsson(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).